

# Íslenskur iðnaður

SI 10. tbl. 13. árg.

Fréttablað Samtaka iðnaðarins

Október 2007

## Tími einkaaðila kominn

forsenda fyrir vexti í orkugeira



Áannað hundrað manns sóttu fund Samtaka iðnaðarins um Íslenskan raforkumarkað, einkavæðingu, skipulagsbreytingar og samkeppni. Á fundinum töluðu Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðarnefndar Alþingis, Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, Bryndís Skúladóttir, verkfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar og Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls og stjórnarmaður í SI.

Fram kom að einkavæðing á raforkumarkaði er þegar hafin. Hún hófst með sölu ríkisins á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja. Almennt voru frummælendur sammála um að tímabært væri að skapa lagaumhverfi fyrir aðkomu einkaaðila á þessum markaði og virkja kraft þeirra.

Framhald á bls. 6 og 7

### Katrín

„Við verðum að stíga varlega til jarðar og finna jafnvægi milli hins opinbera og einkaframtaksins, nýta það besta úr báðum heimum, neytendum til hagsbóta.“

### Árni

„Leikreglur þurfa að vera skýrar og öryggi almennings tryggt.“

### Bryndís

„Ekkert örlar á samkeppni og markaðsvirði orkunnar er í raun ákveðið í gjaldskrá Landsvirkjunar.“

### Friðrik

„Þessar auðlindir fara ekki úr landi og gagnast okkur hvort sem þær eru í eigu einkaaðila eða ríkisins.“

### Tómas

„Til að markmið raforkulaga náist um að efla atvinnulíf í landinu verður að fara fram uppbygging á flutningskerfi. Þessi uppbygging mun skila sér í herra orkuverði til notenda nema til komi fjárfesting hins opinbera.“

bls. 2



Pétur og iðnaðarmálagjaldið

bls. 3



Stefnt að betri stjórnun

bls. 4



Sláturfélag Suðurlands 100 ára

bls. 6-7



Einkavæðing Skipulagsbreytingar Samkeppni

bls. 9



Fjöreggið kom í hlut Aslaugar Traustadóttur

# Pétur og iðnaðarmálagjaldið

Það er nokkuð algengt að þingmenn taki upp á sína arma tiltekin þverpólitísk baráttumál, sem skipta almenning miklu, á borð við hnefaleika, sumartíma, reglur um íslenska fánann eða sölu rauðvíns í matvöruverslunum. Þingmaðurinn Pétur Blöndal hefur fundið sér slíkt baráttumál sem er afnám iðnaðarmálagjalds. Hann flytur árlega frumvarp þessa efnis og hefur í ár fengið flokksbróður sinn, Sigurð Kára Kristjánsson, í lið með sér.

## Frelsa iðnaðinn frá því að greiða til eigin samtaka

Að sjálfsgöðu er ekkert við það að athuga að þingmaðurinn hafi þessa skoðun og fylgi henni fast fram. Breytir þar engu þó að þessi tillöguflutningur gangi þvert á stefnu síðasta Landsfundar Sjálfstæðisflokksins þar sem tillaga þessa efnis var felld í atkvæðagreiðslu. Það skiptir heldur engu máli að umræddur þingmaður hefur á öllum sínum langa þingmannsferli sýnt hagsmunamálum iðnaðarins fádæma áhugaleysi. Nú vill hann bæta fyrir þá vanrækslu með því að frelsa iðnaðinn frá því að greiða eigin samtökum þetta gjald.

## Aldrei vanhæfir í eigin sök

Pétur, sem er formaður skattanefndar Alþingis, verður ekki vanhæfur til að fjalla þar um og afgreiða eigin tillögu. Alþingismenn verða nefnilega aldrei vanhæfir þótt þeir fjalli um eigin hagsmuni eða áhugamál og ekki heldur þegar við skattgreiðendur erum látnir greiða ótæpalega til stjórnmalaflokkanna. Þá eru hafðar skammar signingar og lítið ber á áhyggjum af félagafrelsinu.

## SI vilja að samræmis verði gætt

Lögin um iðnaðarmálagjald eru rúmlega 30 ára gömul og því er ekki óeðlilegt að þau séu endurskoðuð. Samtök iðnaðarins telja hins vegar að það eigi að gera í samhengi við endurskoðun annarra markaðra tekjustofna. Í umsögn SI um síðasta frumvarp er bent á að það sé langt í frá einsdæmi að löggjafinn ráðstafi fé til tiltekinnar atvinnugreina og heildarsamtaka með hliðstæðum hætti, beint úr ríkissjóði eða með mörkuðum tekjustofnum í sérstökum lögum. Vísast í þessu sambandi til umsagnar SI um málið sem er aðgengileg á vefsetri Samtakanna.

## Falsrök

Rök þeirra Péturs og félaga fyrir nauðsyn þess að fella gjaldið niður eru annars vegar þau að gjaldtakan sé brot á reglum um félagafrelsi og hins vegar sé skylt að afnema gjaldið þar sem það brjóti í bága við stjórnarskrárbundið fjárveitingarvald Alþingis. Þessi málflytningur þeirra er beinlínis fyrir neðan allar hellur og hrein staðreyndafölsun. Nægir í því sambandi að benda á að tvö mál hafa verið rekinn fyrir dómstólum, sem byggjast mjög á sömu forsendum og flutningsmaður leggur til grundvallar. Báðum hefur lokið á sama veg og Hæstiréttur staðfest lögmæti iðnaðarmála-



Sveinn Hannesson  
framkvæmdastjóri SI

gjaldsins í tvígang, að vísu í seinni umferð (4:1) með einu sératkvæði Ólafs Barkar Þorvaldssonar.

## Niðurstaða liggur fyrir um lögmæti

Í desember 2006 skilaði starfshópur, sem skipaður var (í febrúar 2005) fulltrúum fimm ráðuneyta, skýrslu um lögbundna gjaldtöku í þágu hagsmunasamtaka og félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Starfshópnum var komið á fót í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis þar sem fram kom að verulegur vafi léki á því hvort tilhögun ákvæðis laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, uppfyllti kröfur 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Í skýrslunni er fjallað um hvaða úrbætur þurfi hugsanlega að gera á löggjöf í kjölfar álits umboðsmanns varðandi greiðslumiðlun í sjávarútvegi, búnaðargjald og tryggingagjald.

## „Ekki þörf á frekari umfjöllun um það“

Niðurstaða hópsins hvað varðaði iðnaðarmálagjaldið var hins vegar afar einföld og skýr. Hún er svohljóðandi: „Samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald nr. 134/1993 rennur gjald þetta til Samtaka iðnaðarins. Samkvæmt 3. gr. laganna skal tekjunum varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Samtökin skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis tekanna. Skorið var úr um það með dómi Hæstaréttar 1988, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 315/2005, að gjaldtaka þessi stenst gagnvart 74. gr. stjórnarskrárinnar og er því ekki frekari þörf á umfjöllun um það.“

Því miður virðist þessi niðurstaða hópsins hafa farið fram hjá Pétri. Er helst að skilja að enn sé beðið niðurstöðu þessa starfshóps. Niðurstaða hópsins var ekki jafn jákvæð varðandi ýmiss konar aðra lögbundna gjaldtöku. Má vænta þess að á næstunni verði lögð fram ýmis frumvörp til að bæta þar úr og verður fróðlegt að sjá viðbrögð Péturs og félaga þegar farið verður að lappa upp á þau lög sem nefndin telur að standist ekki ákvæði stjórnarskrár.

## Fiskur undir steini

En hvers vegna fer Pétur Blöndal fram með slíkum þunga í þessu máli. Því svarar hann sjálfur í greinargerð með frumvarpinu. „Samtök iðnaðarins hafa haft uppi mjög ákveðnar skoðanir um ýmis pólitísk álitamál eins og aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar.“ Þar liggur hundurinn grafinn. Þetta er reyndar ekki í fyrsta sinn sem atлага er gerð að Samtökum iðnaðarins úr þessari átt fyrir sömu sakir.

# Týndist hátækniáratugurinn?


Vonbrigði með lítil framlög til Tækniþróunarsjóðs í fjárlagafrumvarpi

Á Sprotapingi í febrúar 2007 sem haldið við í samstarfi SI, þingflokka allra stjórnmalaflokka og stuðningsumhverfis nýsköpunar, hlutu tillögur um "hátækniáratuginn," endurgreiðslur rannsókn- og þróunarkostnaðar og fjórföldun á framlögum til Tækniþróunarsjóðs á næsta kjörtímabili, hæstu einkunnir þáttakenda.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar 2007 kemur m.a. fram að „ríkisstjórnin vill skapa kjörskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt, útflutning og útrás íslenskra fyrirtækja, m.a. með aðgerðum til að efla hátækni- iðnað og starfsumhverfi sprotafyrirtækja, svo og með eflingu Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs.“

Á fundum og ráðstefnum undanfarið hafa bæði forsætisráðherra og iðnaðaráðherra talað um tvöfalda eigi framlög til Tækniþróunarsjóðs.

Í fjárlagafrumvarpi 2008 og greinargerð um Tækniþróunarsjóð er hins vegar einungis gert ráð fyrir 80 milljóna króna viðbótarframlagi á næsta ári og að aukn-



ingin á tímabilinu 2007 til 2011 verði 300 milljónir, úr 500 í 800 milljónir króna.

Hvernig rímar þetta við yfirlýsingu í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar? Hvað þá við tillögur á Sprotapingi? Lifði hátækniáratuginn bara í mánuð? Eru þetta skilaboðin varðandi stuðning við uppbyggingu hátækni- og sprotafyrirtækja?

Hvað er áttatíu milljóna króna fjárfesting í framtíðinni samanborið við

11.000 milljóna króna mótvægisáðgerðir sem enginn vill kannast við að hafa beðið um. Týndist hátækniáratuginn í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna 30 þús. tonna af þorski?

Hvað gerðist í fjárlagagerðinni varðandi framlög til Tækniþróunarsjóðs?

**Svar óskast frá ríkisstjórn Íslands!**

Davíð Lúðvíksson –  
forstöðumaður starfsgreinar, þjónusta og þróun

## Stefnt að betri stjórnun

Samtök iðnaðarins hafa frá árinu 1997 shvatt aðildarfélög sín til að tileinka sér vinnubrögð sem byggjast á aðferðafræði gæðastjórnunar. Nýjasta útspil SI er að bjóða félagsmönnum sínum aðstoð við að innleiða gæðastjórnun í fjórum þrepum sem lýkur með vottun þegar árangur í sérhverju þrepi fullnægir kröfum.

### Sjálfsmat stjórnenda

Aðdragandi vottunarinnar er að úttektaraðili frá SI heimsækir fyrirtækið. Til

hægðarauka fyrir þá, sem vilja vera vel undirbúnir, hefur verið gefið út lítið rit „Hvar stöndum við?“ sem leiðbeinir stjórnendum við að meta eigið verklag viðstjórn-

un og rekstur út frá tilteknum kröfum. Þannig geta þeir sjálfir lagt mat á stöðu sína og bætt úr því sem þeir telja ábótavant áður en þeir biðja um úttekt. Fyrir þá, sem vilja lesa sér til um viður-

kenndar aðferðir og leiðir, hefur verið útbúin kennslubók „Hvað má gera betur? þar sem sérhver kafli er tileinkaður tilteknum lið í úttektarkverinu. Í kennslubókinni er vitnað til verklagsreglna og eyðublaða í „Drög að gæðakerfi“ sem Samtökin útbjuggu á sínum tíma og hefur staðið félagsmönnum til boða í nokkur ár. Þannig geta þeir fetað sig áfram eftir þörfum, frá sjálfsmatinu yfir í fræðsluefnið og þaðan í sýnishorn af verklagsreglum og eyðublöðum í gæðahandbók.

### Leiðbeint um hvað má gera betur


Þegar úttektinni, sem tekur aðeins rúman klukkutíma, er lokið fá fyrirtækin sundurliðaða skýrslu þar sem fram koma athugasemdir, ábendingar og ráðleggingar varðandi atriði sem teljast ófullnægjandi. Ef þörf krefur geta þátttakendur kallað eftir meiri aðstoð hjá Samtökunum. Félagsmenn greiða ekkert fyrir úttektirnar á fyrstu tveim þrepunum en utanfélagsmenn greiða sanngjarnt gjald. Óháður aðili verður fenginn til að annast úttektir og vottanir á tveim efstu þrepunum og öllum fyrirtækjum veittur aðgangur að þeirri þjónustu. Úttektin verður

síðan endurtekin einu sinn á ári til að viðhalda vottuninni eða til að stíga í næsta þrep. Til að óska eftir úttekt þarf að hafa samband við undirritaðan.

### IÐAN fræðslusetur heldur námskeið

Til að setja punktinn yfir i-ið eru námskeið í boði hjá IÐUNNI, fræðslusetri iðnaðarins, sérstakt námskeið í sérhverju þrepi. Þátttakendur byrja á sjálfsmati í viðeigandi þrepi og þannig eru dregin fram þau atriði sem leggja þarf áherslu á umfram önnur. Námskeiðsdagarnir eru fjórir með nokkurra vikna millibili, þrjú tímar í senn. Tímann milli námskeiða nota þátttakendur til að vinna úr því sem um var fjallað hverju sinni og laga þá vinnuferla sem þörf krefur í eigin fyrirtæki. Skilyrði er að þátttakendur séu með eigin fartölvu til að þeir geti sett upp, lært og þjálfast í að vinna með þau skjöl og eyðublöð sem verða síðan hluti af eigin rekstri þeirra. Þátttakendur geta hvenær sem er leitað til leiðbeinandans, fengið hann í heimsókn eða nýtt sér aðstoð hans í gegnum fjarskiptabúnað yfir Netið.

Námskeiðin eru auglýst á vefsetri IÐUNNAR fræðsluseturs [www.idan.is](http://www.idan.is).







# Sláturfélag Suðurlands 100 ára

**Fyrir á þessu ári fagnaði Sláturfélag Suðurlands hundrað ára afmæli sínu en það var stofnað við Þjórsárbrú 28. janúar árið 1907. Stofnendur voru 565. Sama ár reisti fyrirtækið sláturhús í Reykjavík og síðar á helstu þéttbýlisstöðum á Suðurlandi. Í kjölfarið tóku vinnsla og sala landbúnaðarafurða hér á landi miklum framförum.**

## **Fjölbreytt og vaxandi starfsemi**

Frá fyrstu tíð hefur SS lagt mikla áherslu á að brydda upp á nýjungum í framleiðslu sinni. Snemma var farið að sjóða niður kjöt og lengi vel var niðursuða mikilvægur þáttur í starfsemi SS en var síðar aflögð vegna breyttra neysluvennja. Árið 1908 reisti fyrirtækið fyrstu matvöruverslun sína í Reykjavík og þeim fór fjölgandi með árunum en fyrir allmörgum árum voru verslanirnar seldar. Höfuðstöðvar SS voru lengi vel að Skúlagötu 20 í Reykjavík þar sem kjötvinnslan hafði einnig verið frá upphafi en árið

1991 fluttist sú vinnsla til Hvolsvallar. Einnig er rekin starfsstöð á Selfossi en Höfuðstöðvar SS eru nú að Fosshálsi 1 í Reykjavík.

Árið 2001 opnaði SS kjötvinnslu í Videbæk í Danmörku en starfsemi var síðar breytt í sölu- og markaðsskrifstofu.

Fyrir rúmum áratug keypti SS hlut í Ísfugli ehf. í Mosfellsbæ og á nú 30% í því félagi. Fyrir nokkrum árum keypti

fyrirtækið meirihluta í Reykjagarði hf. Reykjagarður er stærsti kjúklingaframleiðandi landsins og rekur meginstarfsemi sína á Hellu. SS á einnig 50% í grænmetisfyrirtækinu Holtt og gott ehf. Stefna SS er að kaupa ekki eignarhluta í öðrum félögum nema það styrki með því rekstur sinn.

Þá má geta þess að innflutningur áburðar og matvöru eru stór svið hjá SS.

## **Margar vörutegundir**

Kjötvinnsludeild SS er stærsti aðillinn í kjötiðnaði hér á landi. Markaðshlutdeild einstakra vörutegunda nemur allt að 80%. Staða SS er sérstaklega sterk á pylsumarkaði og í skyndiréttum undir nafninu „1944 matur fyrir sjálfstæða Íslendinga“ en þar er bæði að finna kjöt- og fiskrétti.

## **Öflug starfsemi**

Um 330 ársverk eru unnin innan SS móðurfélagsins. Til að halda forystu á markaði hefur fyrirtækið haft fimm atriði



Steinþór Skúlason forstjóri Sláturfélags Suðurlands



# MÁLMUR 70 ÁRA

Hinn 28. nóvember næstkomandi verða sjötíu ár liðin frá því að Meistarafélag járníðnaðarmanna var stofnað. Eftir að það var sameinað Félagi dráttarbrauta og skipasmíðja heitir það MÁLMUR – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði.

Af þessu tilefni gefur félagið út vandað og fróðlegt afmælisrit þar sem saga íslensks málmíðnaðar og samtaka þeirra verður rakin. Ennfremur verður gerð grein fyrir því sem efst er á baugi í greininni ásamt viðtölum við allmarga forstöðumenn úr málm- og skipaiðnaðinum.

Á afmælisdaginn verður efnt til bjóðs í Borgartúni 35 í Reykjavík þar sem þessum merku tímamótum verður fagnað.

að leiðarljósi en þau eru: Frumkvæði, samvinna, gæði, þjónusta og ráðdeild. Undir afurðadeild fellur slátrun og rekstur frystihúsa og er sláturhúsi SS á Selfossi eitt afkastamesta sláturhús landsins. Þar fara fram um 20% af samanlagðri slátrun húsdýra til manneldis. Sláturhúsið er meðal annars viðurkennt til slátrunar fyrir markaði EB, USA og Japans. Kjötvinnsla fer einkum fram á Hvolsvelli en þar er að finna stærstu og fullkomnustu kjötvinnslu landsins. Mikið hefur verið lagt upp úr sjálfvirkni og gæðastýringu í kjötvinnslnni.

## Fjöl margar viðurkenningar

Árið 1995 hlaut starfsstöð kjötvinnslnnar á Hvolsvelli umhverfis- og vinnuverndarviðurkenningu Iðnlánasjóðs árið 1995 og fjöregg MNÍ ári síðar fyrir framúrskarandi vörubrúun. Kjötíðnaðarmenn fyrirtækisins hafa einnig unnið til fjölda verðlauna fyrir vörur sem hafa verið sendar á sýningar bæði innan lands og utan.

Samtök iðnaðarins árna Sláturfélagi Suðurlands allra heilla í tilefni tímamótanna.

Þóra Kristín



Flex

## Íslensk hönnun í öndvegi

Á haustdögum opnuðu G.Á. húsgögn nýja húsgagnaverslun að Ármúla 19 í Reykjavík. Fyrirtækið var stofnað 1. júlí árið 1975 með það markmiði að framleiða og sérsníða vönduð húsgögn og árið 1993 hlaut það viðurkenningu fyrir þátttöku sína á hönnunardegi. Frá árinu 1986 hefur fyrirtækið unnið með íslenskum arkitektum og framleitt húsgögn eftir teikningum þeirra. Framundan er að endurgera húsgögn sem Gunnar Magnússon húsgagnaarkitekt teiknaði í Danmörku á árunum 1962 til 68.

Að sögn Grétars Árnasonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, hefur lengi einbeitt sér að því að framleiða húsgögn fyrir hótél og veitingahús og er nú ráðandi á þeim markaði. Í sýningarsal versunarinnar í Ármúla 19 getur að líta fjöldann allan af glæsilegum húsgögnum bæði eftir innlenda hönnuði og frá viðurkenndum erlendum framleiðendum en fyrir-

tækið er í samstarfi við fyrirtæki á Ítalíu, Hollandi, Belgíu og Svíþjóð og Spáni sem leggja honum bæði til hráefni og húsgögn. Grétar lýkur lofsorði á starfsfólk sitt og segir það lykिलinn að velgengni fyrirtækisins.

Þóra Kristín



Frá vinstri Grétar, Bragi, Sigurður og Erlendur, eigendur G.Á. húsgagna



Gunnar Magnússon arkitekt, Guðrún Hrönn Hilmarsdóttir og Sigurður





## Framhald af forsíðu



**Katrín Júlíusdóttir** telur að umræða liðinnar viku um Orkuveitu Reykjavíkur og REI geti haft varanleg neikvæð áhrif og komið óorði á útrás orkugeirans ef ekki tekst að ná samstöðu á ný um aðalatriðin í málinu. Eftir atburðarrás undanfarinna daga þurfi að endurvekja traust og trúnað almennings á samstarfi einkaaðila og hins opinbera.

Katrín sagði að markalínur milli einkareksturs og opinbers rekstur yrðu að vera skýrar en að því gefnu ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að ríki, sveitarfélög og markaðurinn byggðu upp alþjóðleg fyrirtæki á orkumarkaði. Tímabært væri að leysa úr læðingi kraft einkaframtakansins. Opinber fyrirtæki hafi mikla reynslu og einkageirinn fjármagn og kunnáttu í alþjóðaviðskiptum. „Við verðum að stíga varlega til jarðar og finna jafnvægi milli hins opinbera og einkaframtakansins, nýta það besta úr báðum heimum, neytendum til hagsbóta.“

Katrín segir að við búum nú í nokkurs konar lagalegu tómarúmi og ekki verði komist hjá skipulagsbreytingum á raforkumarkaði. „Okkur hefur ekki tekist að koma á raunverulegri samkeppni á raforkumarkaði og við þurfum að leita leiða til þess því það er alls ekki fullreynt.“ Hún greindi frá því að ný löggjöf sé í smíðum og markmið hennar sé að eignarhald á yfirgnæfandi hluta auðlinda verði í höndum ríkis en nýtingarréttur verði framseldur, mögulega gegn gjaldi. Samkeppnis- og sérleyfisþættir verði aðskildir og sérleyfisrekstur verði í félagslegri meirihlutaeign. Hún lagði áherslu á að taka verði ákvarðanir um framtíð orkufyrirtækja með fólkinu í landinu. Verkefnið framundan sé þrjúþætt, að tryggja eignarhald hins opinbera á auðlindum, tryggja neytendum besta mögulega verð á þessari grunnþjónustu og tryggja að útrásin heppnist.



**Árni Sigfússon** fór yfir atburðarásina í sambandi við sölu hlutar ríkisins í Hita-veitu Suðurnesja og sagði óskiljanlegt hvað OR gekk til með því að kaupa hlut í HS og semja síðan um sölu til þriðja aðila.

Með aðkomu Geysis Green Energy að HS vildi fyrirtækið skapa bakland á heimamarkaði sem væri mikilvægt í útrásinni þannig að fyrirtækið gæti orðið

sýnidæmi fyrir erlenda aðila um hvernig Íslendingar virkja jarðhitann og hvernig unnt væri að sækja þekkingu til sérfræðinga þeirra. Mörg tækifæri liggja í jarðhitanum önnur en heitt vatn og rafmagn. Skýrasta dæmið sé Bláa Lónið og einkaaðila þurfi til að koma því á þann stað þar sem það er. Nú hafi umræða vaxið um frekari nýtingu á jarðhitavökvunum en til þess þurfi áhættufé sem opinberir aðilar séu ekki tilbúnir að leggja til. Árni telur að bæjarfélög eigi ekki að vera í áhættusömum útrásarverkefnum, næg sé áhættan samt á heimamörkuðum.

„Það er langt í frá að einkaaðilar séu að taka völdin á raforkumarkaði en þessi opnun ríkisins er vísbending um að einkaaðilar eiga tækifæri á að hasla sér þar völl. Samkvæmt raforkulögum getur hver sem er selt raforku inná landsnetið.“

Árni sagði mikilvægar spurningar hafa vaknað um eignarhald á landi, gufunni, borholum, framleiðslutækjum og dreifikerfinu. „Fáir stjórnáráðgjafar hafa áttátt sig á nauðsynlegri uppskiptingu eða breytingu á lagaumhverfi til að tryggja að samkeppnisrekstur einkaaðila geti þrífist á raforkumarkaði með tiltrú almennings.“

Árna finnst tímabært að virkja einkaframkvæmd og að það verði gert á gegnsæjan hátt og forgangur almennings verði tryggður. „Til þess þurfa leikreglur að vera skýrar og öryggi almennings tryggt.“ Fjárfestingar framundan í jarðvarmavirkjunum séu meiri en sveitarfélög standi undir, t.d. djúpbörunarverkefni. Hins vegar telur hann ekki víst að nauðsynlegt sé að aðskilja eignaraðild. Nú þegar séu í lögum leyfilegar hámarkstekjur sem dreifiveitum sé heimilt að afla.



**Bryndís Skúladóttir** talaði um leiðir sem geti leitt til aukinnar samkeppni á raforkumarkaði og lægra orkuverðs. Hún nefndi mikilvægi þess að lækka kostnað við flutning og dreifingu því að

sá hluti sé í sérleyfisrekstri og lækkun kostnaðar þar skili sér til allra notenda. Hún telur aðskilnað fyrirtækja í samkeppnis- og sérleyfisrekstri góða leið til að auka gegnsæi á markaðnum og auðvelda aðkomu nýrra aðila. „Nú eigi og reki sömu fyrirtækin framleiðslu, dreifingu og sölu og reka vatnsveitur, hitaveitur og fráveitur að auki. Hluti af starfsemiinni er háður sérleyfi og á að vera bókshaldslega aðskilinn samkeppnisþáttur.“ Gegnsæi í verðmyndun sé lítið og samkeppni erfið við þessar aðstæður. Hún benti á nýlegar ákvarðanir í Evrópu um aukinn aðskilnað einkaleyfis- og samkeppnisstarfsemi.







Bryndís telur að auka þurfi samkeppni í orkusölu. Landsvirkjun sé markaðsráðandi sem eini heildsalinn á Íslenskum raforkumarkaði en aðrir, sem framleiða orku, nota hana að mestu sjálfir fyrir eigin viðskiptavinum. „Ekkert örlar á samkeppni og markaðsvirði orkunnar er í raun ákveðið í gjaldskrá Landsvirkjunar.“ Bryndís nefndi uppboðsmarkað Nordpool sem áhugaverða leið til að opna markaðinn betur nýjum aðilum. Hún telur þetta afar áhugaverða viðbót við markaðinn og væntingar standi til þess að með þessu skapist markaðsverð og gegnsæi viðskipta verði meira en nú er.

Bryndís segir að nú séu einkaaðilar komnir að rekstri orkufyrirtækja, eins og þau leggja sig með hitaveitu, vatnsveitu, dreifingu, framleiðslu og sölu. „Það er ekki seinna vænna að ganga í það verkefni að útbúa leikreglurnar fyrir aðkomu einkaaðila, gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar og skapa það umhverfi sem þarf til þess að Íslenskur raforkumarkaður geti starfað eðlilega og að heilbrigð samkeppni fái þrífist á þeim markaði.“



**Friðrik Sophusson** sagði hlutafélagavæðingu og aðskilnað fyrirtækja vera skilýrði þess að við gætum talað um samkeppni og fengjum gegnsæi á þessum markaði. Ný verkefni og aukin umsvif kölluðu á aukid eigið fé, fyrirtækin yrðu að fá að vaxa en fyrirsjáanlegt væri að verkefnum muni fækka hér á landi. Hann telur ekki nauðsynlegt að einkaleyfisfyrirtæki þurfi að vera í opinberri eigu. Ef svo sé geti einkaaðilar rekið þau.

Varðandi spurninguna um einkavæðingu fyrirtækjanna segir Friðrik: „Ég held að flestir séu sammála því að fyrirtæki á samkeppnismarkaði séu ekki í opinberri eigu.“ Friðrik minnti á ráðgjöf OECD frá árinu 2006. Þar kæmu fram skýr skilaboð frá aðilum sem nyttu mikillar virðingar um að opna ætti útlendingum orkugeirann og opinberi geirinn ætti að draga sig út úr raforkuframleiðslu með það að markmiði að auka gegnsæi og samkeppni. Þar með væri jafnræði aukid og dregid yrði úr áhættu skattgreiðandans af orkufjárfestingum. Hann benti á að útlendingar geta nú samkvæmt lögum átt orkulindir hér á landi ef þeir eiga lönd sem geyma slíkar auðlindir.

Friðrik sagði að þjóðareign hefði enga lögræðilega merkingu, þjóðareign væri í raun ríkiseign. Orkulindir væru nú ýmist í einka- eða opinberri eigu og hann spyr af hverju eigi að fara öðruvísi með eignir ríkis en einkaaðila. Hann varaði við þjóðnýtingaráformum. „Það sem skiptir máli

er fullveldisrétturinn. Það er réttur ríkisstjórnar til að setja lög og reglur. Það á ríkisstjórn og ríkisvaldið valdið að gera á hverjum tíma en ekki bæði að fara með regluvaldið og löggjafarvaldið og síðan að eiga þessar orkulindir.“ Ríki og sveitarfélög megi eiga auðlindir en þurfi þess ekki og það eigi að vera ákvörðun stjórnmalamanna á hverjum tíma.



### Tómas Már Sigurðsson

sagði að markaðurinn hefði breyst þannig á síðustu 10 árum að hlutur stóriðju hefði aukist umtalsvert. Byggðar hefðu verið fjölmargar virkjanir og orðið

hefði til mikil þekking sem nú væri verið að verðleggja. Ef stóriðja hefði ekki komið til hefði uppbygging vegna almenns markaðar orðið lítil. „Ef menn vilja að orkugeirinn vaxi verður annaðhvort að byggja upp frekari stórnotkun hér á landi eða fara í útrás, nú eða tengja landið öðrum mörkuðum.“

Sé þróun á orkuverði til heimila og fyrirtækja skoðuð frá því að samkeppnin hófst komi í ljós að orkuverð hafi lækkað allt að 11% ef menn leita hagkvæmustu leiða. „Því virðist sem markaðsvæðingin hafi skilað árangri a.m.k. sums staðar. Ég held að svarið liggja í því að með uppbyggingu stóriðju hafi myndast mikil framleiðslugeta sem í raun nýtist öllum markaðinum til lækkunar á orkuverði.“

Tómas sagði að markaðsvæðing raforkumarkaðar væri gífurlega flókið verkefni sem ekki væri hægt að sjá í fljótu bragði hvernig til hefði tekist í nágrennarlöndum. Þó virðist vera forsendur til að lækka verð til smærri notenda og það hefði gerst hér á landi.

Tómas sagði markmið raforkulaga væri m.a. að efla atvinnulíf og byggð í landinu. Til að ná þessu markmiði laganna þurfi að byggja upp öflugt flutningskerfi þannig að hinar dreifðu byggðir landsins geti nýtt sér raforkukerfið. Nú sé byggðalína, 132kW lína, hringinn í kringum landið, orðin flöskuháls sem standi í vegi fyrir því að allir byggðir landsins hafi sama aðgang að orku. Umframorka sé til í kerfinu en línurnar vanti til að flytja hana til margra byggðarlaga.

Tómas telur tímabært að hefja umræðu um að hækka spennu flutningslínunnar í 220 kW og byggja hálendislínu þvert yfir landið. „Til að markmið laganna náist verður að fara fram uppbygging á flutningskerfi. Þessi uppbygging mun skila sér í herra orkuverði til notenda nema til komi fjárfesting hins opinbera.“

*Teikið saman af*

*Bryndísi Skúladóttur og Þóru Kristínu*

# Hvað hyggst ungt fólk læra?

Ungt fólk telur iðnmenntun skila betri launum en stúdentspróf. Það telur hins vegar háskólapróf skila betri launum en iðnmenntun.

Samtök iðnaðarins hafa látið gera könnun á viðhorfi ungs fólks til menntunar. Capacent Gallup vann könnunina sl. sumar og úrtakið var á aldrinum 16-23 ára.

Unga fólkíð var spurt hvor ætti kost á hærri launum: sá sem lýkur starfsmenntunar- eða sveinsprófi eða hinn sem lýkur stúdentsprófi án frekari menntunar á háskólastigi. Um 64% svarenda töldu sveinsprófið gefa hærri laun. Aðeins 14% töldu stúdentsprófið gefa hærri laun. Um 23% töldu hvoratveggja menntunina gefa jafnhá laun.

Dæmið snerist við þegar spurt var hvor ætti kost á hærri launum: sá sem lokið hefur starfsmenntunar eða sveinsprófi eða hinn sem lýkur stúdentsprófi og háskólaprófi. Hér töldu um 70% svarenda að sá háskólamenntaði hefði hærri laun


en aðeins 15% töldu að sá sem lokið hefði sveinsprófi bæri meira úr bítum. Aðeins 14% töldu hvoratveggja menntunina gefa jafnhá laun.

Spurt var um þá menntun sem fólk hefur eða ætlar að afla sér á næstu árum. Ungu fólkíð stefndi að sjálfsögðu á að verða ýmislegt: s.s. náttúrufræðingur, kjötiðnaðarmaður, stúdent, húsasmiður, sjúkraliði, blikksmiður, sálfræðingur, félagsfræðingur.

Samtök iðnaðarins hafa hvatt ungt fólk til að fara í iðnnám, einkum vegna þess að mikill skortur er á iðnmenntuðu fólki. Því bjóðast spennandi og vel launuð störf í ýmsum atvinnugreinum. Eins hafa Samtökin bent á að vænlegt sé fyrir þá sem vilja nema tæknigreinar og hönnunargreinar á háskólastigi að ljúka stúdentsprófi af verknams- eða iðnnámsbraut.

Í þessu ljósi má telja athyglisvert að í könnuninni nefndu fáir að þeir ætluðu sér bæði að ljúka starfsmenntun á framhalds-

Sveinspróf eða stúdentspróf: Hærri laun?



skólastigi og síðar tiltekinni háskólagrein. Einn sagði: „Ég skil ekki alveg iðn- eða starfsmenntun. En ég ætla mér að klára félagsfræðibraut og þaðan ætla ég í sálfræði í HÍ.“ Undantekningarnar voru þó sannfærandi. Einn sagði: „Ég vil ljúka ljósmyndaranum og sálfræðinni.“ Og annar (önnur?) sagði: „Ég tek sveinspróf í snyrtifræði og stúdent með.“

*Ingi Bogi Bogason*

## Stjórn SI á Kárahnjúkastíflu - Kárahnjúkur og Snæfell í baksýn



Stjórn Samtaka iðnaðarins var á ferð á Austurlandi á dögunum.

Glæsilegt álver Alcoa í Reyðarfirði var skoðað í falletgu haustveðri en því næst var haldinn venjubundinn fundur stjórnar.

Daginn eftir var farið í skoðunarferð upp að Kárahnjúkum og en þar fer stærstu verklegu framkvæmd Íslands-sögunnar brátt að ljúka.



## Samstarf SUT og IAC



**Samtök upplýsingatæknifyrirtækja (SUT)** og Þekkingarverðmætamiðstöð Skotlands (IAC) hafa undirritað viljayfirlýsingu um samstarf sem varðar hagnýtingu þekkingarverðmæta í fyrirtækjum. Þetta samstarf miðar að því að styðja þróun á nýstárlegum og hagnýtum aðferðum við að nýta þekkingarverðmæti á Íslandi og Skotlandi. Þetta felur í sér gagnkvæman aðgang að verkferlum og verkfærum sem fyrrnefndir aðilar hafa þróað og samstarf um rannsóknir á þessu sviði.

Iain Russell, forstjóri IAC, segir að þetta samstarf sé þýðingarmikið skref í viðleitni miðstöðvarinnar til að eiga sem víðtækasta samvinnu við hagsmunaaðila á sviði þekkingarverðmæta á alþjóðavettvangi. Hann segir þekkingarverðmætamiðstöð Skotlands vera þá fyrstu í Evrópu og hún sé að því leyti einstök að hún svari kröfum atvinnulífsins um fræðslu og hagnýtingu þessara verðmæta en á því sé mikill skortur.

Eggert Claessen, formaður SUT, kveðst mjög ánægður með að hafa staðfest samstarf þessara aðila með formlegum hætti. SUT, sem hluti af norrænu verkefni, hefði átt mjög gott samstarf við IAC undanfarin ár þar sem aðilar hefðu deilt með sér reynslu sinni á sviði þekkingarverðmæta. Eggert segir þetta samstarf nýtast sérstaklega vel þar sem SUT hefði nýlega fengið styrk úr námsgagnasjóði Samtaka iðnaðarins til að útbúa námsefni í þekkingarverðmætum sem gæti nýst öllum iðngreinum. Samstarfið við IAC tryggir aðgang að nýjasta efni og verkfærum sem völ sé á í Evrópu.

Guðmundur Ásmundsson

## Matvæladagur MNÍ

# Fjöreggið kom í hlut Áslaugar Traustadóttur

**S**amtök iðnaðarins gáfu Fjöregg MNÍ í fimmtánda sinn á árlegum matvæladegi Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands, 16. október síðastliðinn. Fjöreggið er glerlistaverk, unnið hjá Gleri í Bergvík og veitt fyrir lofsvert framtak á matvæla- eða næringarsviði. Dómnefnd, sem félagið skipar, velur viðtakanda fjöreggsins úr innsendum tillögum. Samtök



iðnaðarins tilnefna formann dómnefndar sem að þessu sinni var Vilmundur Jósefsson, fyrrverandi formaður Samtakanna. Í ár þótti dómnefndinni eftirtaldir tillögur skara fram úr innsendum tillögum:

**Áslaug Traustadóttir, grunnskólakennari í Rimaskóla**, fyrir að auka áhuga ungs fólks á matargerð með nýstárlegum aðferðum

**Ávaxtabíllinn** fyrir að auðvelda fyrirtækjum og stofnunum aðgang að ávöxtum.



**Fylgifiskar** fyrir að gera fiskinn að veislumati í huga nútímamannsins.

**Móðir náttúra** fyrir holla máltíð í handhægum umbúðum fyrir önnum kafið fólk.

**Stoðmjólk MS** sem er járnþætt mjólk og löguð að næringarþörf Íslenskra barna.

Niðurstaðan varð sú að Áslaug Traustadóttir hlaut Fjöreggið. Hún veitti því viðtöku á Matvæladaginn úr hendi heilbrigðisráðherra eftir að Vilmundur hafði gert grein fyrir niðurstöðum dómnefndar. Samtök iðnaðarins óska Áslaugu til hamingju með Fjöreggið.

Ragnheiður Héðinsdóttir

## Nýr félagsmaður

**Hringrás hf.**  
**Klettagörðum 9**  
**104 Reykjavík**  
**Starfsemi:**  
**Endurvinnuslu iðnaður**



**CE merking byggingavara**  
**www.si.is/ce**

## Íslensk starfsmenntun kynnt

Hópur evrópskra kennara og sérfræðinga á sviði starfsmenntunar heimsopti fyrir skömmu Ísland. Tilgangurinn var að kynna sér Íslenska starfsmenntakerfið. Hópurinn heimsopti menntamálaráðuneytið, IÐUNA fræðslusetur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, ALCAN og fleiri félög og fyrirtæki. Tekið var á móti þeim í Húsi atvinnulífsins þar sem fulltrúi Samtaka iðnaðarins kynnti fyrir þeim stefnu og starfsemi Samtakanna í menntamállum.

Heimsóknin er styrkt af evrópsku starfsmenntastofnuninni, CEDEFOP, sem skipuleggur sambærilegar heimsóknir til allra Evrópulanda einu sinni á ári. Rannsóknþjónusta HÍ sér um skipulagið hér á landi.

Ingj Bogi Bogason

# Aðalfundur Samtaka upp- lýsingatæknifyrirtækja

Aðalfundur SUT var haldinn 10. október síðastliðinn. Eggert Claessen, formaður flutti skýrslu stjórnar þar sem farið var yfir stöðu þeirra verkefna sem komu fram í stefnumótun stjórnar SUT í upphafi síðasta starfsárs. Þar bar hæst málefni sem snúa að eflingu hátækniiðnaðar og „Þriðju stoðarinnar,“ þekkingarauði fyrirtækja, útrás UT fyrirtækja, bættu verklagi við útboð UT-lausna, erlendum samskiptum og könnun á umfangi opinberra UT deilda. Ennfremur var rætt um að efla tengsl við fulltrúa í nefndum og stjórnnum sem tengjast UT. Fjölmargir viðburðir voru haldnir þessu tengdu á starfsárinu.

## Kosning stjórnar

Sjö manns eiga sæti í stjórn SUT, formaður og 6 meðstjórnendur og gáfu allir kost á sér til áframhaldandi setu. Það var samþykkt með lófataki. Eftirtaldir aðilar skipa því stjórnina næsta starfsár: Eggert Claessen, formaður, Stefán Jóhannesson, þekkingu, Hilmar Veigar Pétursson,



CCP, Jón Ingi Björnsson, Trackwell, Þórólfur Árnason, Skýrr og Sigrún Guðjónsdóttir, Eskil.

## Nýr Hátækni- og sprotavettvangur

Í lok fundar kynnti Davíð Lúðvíksson drög að nýjum Hátækni- og sprotavettvangi sem nú er unnið að í tengslum við áherslur ríkisstjórnarinnar um að efla hátækniiðnað á Íslandi. Segja má að áherslur „Þriðju stoðarinnar“ séu komnar í þennan farveg og því verður áhugavert að sjá hver niðurstaðan verður en nú er unnið að því að ljúka samningi um vettvanginn milli SI og fjögurra ráðuneyta.

Guðmundur Ásmundsson

## Notkun ósoneyðandi efna fer minnkandi

Í sögu umhverfismála skipar Montreal bókunin sérstakan sess. Með henni voru mörkuð tímamót í samstarfi þjóða um hvernig sameiginlega megi takast á við aðsteðjandi umhverfisvandamál. Í haust eru 20 ár síðan þessi alþjóðlegi samningur var gerður um að vernda ósonlagið með því að minnka framleiðslu ósoneyðandi efna. Þá þótti sýnt að þynning ósonlagsins leiddi til aukins magns hættulegrar geislunar á jörðu niðri.

Ósoneyðandi efni voru, og eru enn, notuð í margs konar vörur, einna helst í kælimiðla, slökkvitæki og sem drifefni í úðabrusum. Með samkomulaginu var gerð tímasett áætlan um að minnka framleiðslu og notkun tiltekinnna efna og á þeim 20 árum, sem liðin eru, hefur notkun ósoneyðandi efna minnkað um 95%. Rannsóknir sýna að ósonlagið er að jafna sig þótt nokkuð sé í land með að fyrri styrkur þess náist. Ennþá er því þörf á aðgæslu vegna geislunar frá sólu.

Í tilefni af þessum tímamótum var haldin málstofa á vegum umhverfisráðuneytis á dögnum og þar töluðu



sérfræðingar um notkun efnanna og umhverfisáhrif þeirra. Nokkuð var rætt um endurskoðun á löggjöf um ósoneyðandi efni því að þau eru enn í umferð. Væntanlegar eru strangari kröfur um vinnu með ósoneyðandi efni, menntun starfsmanna, skráningar og eftirlit. Nýlega náðist einnig samkomulag um að hætta notkun ósoneyðandi efna fyrir en áður var stefnt að.


Bryndís Skúladóttir



## Gerum gott úr þessu

### Nýtt endurvinnslumerki prentmiðla á Íslandi

Hvetjum fyrirtæki og stofnanir til að merkja prentað efni s.s. blöð, tímarit, fréttabréf, bæklinga og markpóst með nýja merkinu. Notkun þess er frjálst og því er dreift án endurgjalds í hágæða upplausn á [www.si.is](http://www.si.is)



Samtök iðnaðarins  
Samtök verslunar og þjónustu





## Spurt og svarað um REACH

### Á að skrá, meta og fá leyfi fyrir öll efni?

Nei, bara á að skrá þau efni sem hver framleiðandi eða innflytjandi framleiðir eða flytur inn í meira magni en 1 tonn á ári. Talið er að efnin séu um 30.000 talsins. Þar af er talið að u.þ.b. 20.000 efni séu framleidd/flutt inn í magni milli 1 – 10 tonn. Milliefni, sem eru ekki í lokuðu kerfi í framleiðsluferli, verða einnig skráningarskyld en skráningarkröfur eru mun umfangsminni en fyrir önnur efni.

Það er háð yfirvöldum í hverju landi hversu mörg efni verða metin. Leyfi þarf fyrir markaðssetningu efna með sérlega hættulega eiginleika, t.d. krabbameinsvaldandi efni, þrávirk efni, efni sem valda stökkbreytingum eða hafa neikvæð áhrif á æxlun. Talið er að u.þ.b. 5000 efni verði metin og nálægt 1500 fari í gegnum leyfisveitingu.

### Parf að skrá efnablöndur, t.d. málningu?

Einstök innihaldsefni á að skrá, ekki blönduna eða vöruna sem slíka. Þegar blandan er seld eiga að fylgja henni upplýsingar sem gilda um öll innihaldsefnin í vörunni, t.d. öryggisblöð.

### Hverjir geta skráð efni?

Þeir sem geta skráð efni eru framleiðendur og innflytjendur í EB eða EES. Framleiðendur utan Evrópska efnahags-svæðisins geta falið einum umboðsaðila sem er staðsettur innan svæðisins að sjá um skyldur sínar gangvart REACH. Þá munu innflytjendur efnanna ekki að sjá um skráningu en þurfa að uppfylla skyldur aðila neðar í framleiðslukeðju.

Bryndís Skúladóttir



Á árlegri sýningu líftæknigeirans, BIO2007, koma saman allir helstu aðilar í líftæknigeiranum. Einar Mäntylä, formaður Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja, hélt nú í október erindi um sýninguna BIO2007. Sýningin er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum og gestir í ár voru yfir 22 þúsund manns frá 64 löndum. Haldnir voru fjölmargir fyrirlestrar og ótal fundir samstarfsaðila utan sem innan svæðisins. Sýningin laðar að sér jafnt stór og lítil fyrirtæki, rannsóknaraðila og fjárfesta. Þau eru þarna saman komin til að koma þekkingu og vörum á framfæri, finna samstarfsaðila og fjárfesta og kynna sér hvað keppinautarnir eru að fást við. Sýning er sett upp á básum og algengt er að svæði kynni sig og fyrirtæki sín.

Norðurlandþjóðir hafa verið með sameiginlegan bás í nokkur ár. Nokkuð er um að svæði kynni sig þannig og reyni að laða til sín bæði fyrirtæki og fjármagn. Fyrirtækin á svæðinu styðja líka hvert annað við kynninguna. Mörg svæði vinna markvisst að því að laða fyrirtæki að og sem dæmi bjóða sum fylki Bandaríkjanna efnilegum fyrirtækjum húsnæði eða lóðir, rannsóknaraðstöðu og beina fjármögnun á móti rannsóknarstyrkjum. Segja má að slegist sé um að fá til sín góð sprotafyrirtæki í líftækni.

Á sýningunni er bæði fjallað um tæknilega hlið líftækni og viðskiptahliðina. Í málstofum var fjallað um stofnun fyrirtækja, fjármögnun, samruna og samstarfsamninga minni fyrirtækja við stærri, hugverkaréttindi og fleira tengt viðskiptaþróun. Rædd var þróun og staða líftækni, hvert hún stefnir og hvar tækifærin liggja. Stóru fyrirtækin, t.d. lyfjafyrirtækin, leita að áhugaverðum sprotum til samstarfs og þau minni leita að réttu aðilunum í rannsóknarsamstarf og að fjármagni.

## Kraftur í líftækni á BIO2007

Í ár var vinsælasta efnið tengt iðnaðar- og orkulíftækni. Mikill áhugi er á möguleikum sem líftækni gefur við framleiðslu lífdísels og einnig við matvælaframleiðslu þegar framleiðsla lífdísels keppir við hana um hráefni. Meira er nú fjárfest í orkulíftækni en reynslan er enn lítil. Hefðbundið er að talsvert sé fjallað um heilbrigðislíftækni og lyfjageirann enda mikill áhugi á þróun lyfja og lækningatækja með líftækni, t.d. persónuleg lyf og greiningar.

Einar sagði frá því að fyrir íslensk fyrirtæki gæti falist mikill ávinningur í þátttöku á BIO ráðstefnunni. Þarna væri hægt að sjá þróunina, kynna sér hvað er efst á baugi, hvað keppinautar eru að gera og hvernig þeir kynna sig. Tengslamyndun er mikilvæg og bestur árangur fæst ef þátttakendur undirbúa sig og skipuleggja fyrirfram fundi með fjárfestum sem og þeim sem áhugi er á að stofna til samstarfs við.

Bryndís Skúladóttir

SI

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
10 tbl. 13. árg. október 2007  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 22.10.2007  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán, Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfrarsáðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



# Styrkir til vinnustaðakennslu í iðnfyrirtækjum innan SI

SI auglýsa eftir umsóknum um styrki til iðnfyrirtækja sem annast vinnustaðakennslu. Að þessu sinni eru fyrirtæki, sem taka nema í upplýsinga- og fjölmiðla- greinum og matvælagreinum, sérstaklega hvött til að sækja um styrk til að mæta kostnaði við kennslu í framreiðslu, kjötiðn, ljósmyndun og fjölmiðlataækni.

Umsóknir í þessum greinum hafa forgang.

Skilyrði styrkveitinga eru:

- Að fyrir liggi skuldbinding um heildarframvindu verkefnis
- Að skipulag og umsjón fylgi skilgreindum gæðaviðmiðum, t.d. starfsgreinaráðs og/eða menntamálaráðuneytis
- SI styrkja að jafnaði þriðjung eða að hámarki helming af kostnaði við vinnustaðakennslu nema
- Styrkur er greiddur eftir því sem verki vindur fram

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað á [www.si.is/vinnustadakennsla](http://www.si.is/vinnustadakennsla).

Einnig veitir Ingi Bogi Bogason upplýsingar í síma 591 0126.

**Umsóknarfrestur: 20. nóvember 2007**

# SI

*Samtök iðnaðarins*

Lögbundið nám fer fram í skólum og á vinnustað. Mikilvægt er að efla kennsluhlutverk fyrirtækja. Þess vegna leggja SI fjármagn til vinnustaðakennslu. SI hvetja stjórnvöld til að styðja fjárhagslega við kennslufyrirtæki.